



Hönnun

# PLACE DE BLEU FRÁ KAUPMANNAHÖFN

Place de Bleu er danskt hönnunarfyrirtæki sem býður upp á miklu meira en bara fallega hönnun. Þeir leggja mikið upp úr því að hanna vörur sem vekja gleði og skapa jákvæða athygli með vönduðu og einstöku handbragði sínu. Place de Bleu hefur verið starfrækt síðan árið 2010 og er staðsett á Blågárds Plads í Kaupmannahöfn en það dregur nafn sitt einmitt þaðan. Fyrirtækið vill sameina hið einfalda handbragð úr skandinaviskri hönnun með litríku

TEXTI: ELVA HRUND ÁGÚSTSDÓTTIR MYNDIR: PLACE DE BLEU







tvísti frá öðrum löndum. Það eru þrjár vörulínur hjá Place de Bleu, með fókusi á hús og heimili, smáhluti og einnig vörur fyrir börn. Allt er handgert og framleitt í Danmörku. Vörurnar frá Place de Bleu eru saumaðar úr afgangsefnum frá hinu þekktu textílfyrirtæki Kvadrat og því óhætt að segja að vörurnar séu framleiddar úr hágæðaeftum. Það eru konur af ólíkum kynþáttum sem sjá um allan saumaskap á vörunum, aðallega konur sem hafa ekki náð fótfestu í landinu vegna tungumálaörðugleika, veikinda eða annars slíks. Place de Bleu er stýrt af Qaravane-samtökunum sem vinna að því að bæta réttarstöðu þessa minnihlutahóps og skapa konunum atvinnu á þeirra forsendum. Til að kynna sér betur starfsemi og vörurnar frá Place de Bleu má benda á heimasíðuna, [placedebleu.dk](http://placedebleu.dk).